

**Nd.**

### **39. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson, Vilmundur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal veða alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögnum varða sektum, 200—5000 krónum.

#### **Greinargerð.**

Frv. þetta er borið fram til þess að bæta úr því misrétti, er nú ríkir við kaup á bræðslusíld, þegar síldin er mæld, en ekki vegin. Allur bræðslusildaraflinn var á síðastl. sumri um 2160000 hektólítrar. Þriðjungur þessarar síldar var mældur við móttöku, en tveir þriðjungar vegnir. Meðan síldin er ný mun koma nokkuð í sama stað niður, bæði fyrir kaupanda og seljanda, hvor aðferðin er notuð, en þegar síldin er orðin 2—3 daga gömul í skipuum og farin að þjappast saman, er almennt talið, að seljandi tapi um átta af hundraði á því að selja síldina mælda. Munar þetta með verði því, sem var á bræðslusíld síðastl. sumar, þegar hektólítrinn kostaði kr. 5.33, um 43 aurum á hektólítra. Ef gert er ráð fyrir, að um  $\frac{2}{3}$  þeirrar síldar, sem seld var í bræðslu í sumar og mæld af kaupanda, eða um 500 þús. hektólítrar, hafi ekki verið alveg ný síld, nemur tap það, er seljendur hafa orðið fyrir, um 215 þús. krónum. Nú mun vera í ráði, að flestar síldarverksmiðjur setji upp sjálfvirk losunartæki fyrir næstu síldarvertið, og mun þá almennt verða tekin upp mæling á síld í stað vogar, ef ekki er áður húið að lögleiða skilyrðislausu vigtun. Er því fremur full ástæða til að gera ráð fyrir þessu, þar sem þær tvær nýtzku verksmiðjur einstakra félaga, sem slík losunartæki hafa, þ. e. verksmiðja h/f Kveldúlfs á Hjalteyri og verksmiðjan á Djúpavík, einmitt mæla síldina, en

vigta eigi. Samkvæmt því, er að framan segir, hefði það munað sjómenn og útgerðarmenn um 400 þús. kr., sem þeir hefðu fengið minna fyrir bræðslusildina nú á þessari vertíð, ef öll sildin hefði verið mæld hjá verksmiðjum þeim, sem vigtuðu sildina. Á bræðslusildarveiði þeirri, sem nam í sumar rúmum 2,1 milljón hektólitrum, munar þannig með verði því, er var á bræðslusild síðastl. sumar, um 600 þús. krónum, eftir því hvor aðferðin er viðhöfð.

Það þarf eigi orðum að því að eyða, hve hróplegt ranglæti hér hefir verið framið, og er það von flm., að háttv. Alþingi komi í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað framvegis, með því að samþ. frv. þetta.

Við uppskipun í sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði í sumar voru gerðar nokkrar athuganir á þyngd nýrrar og gamallar bræðslusildar, og sýndu þær, að hvert mál af gamalli sild er um átta af hundraði þyngra en hvert mál af nýrri sild. Þá hefir fjöldi sjómanna athugað þetta, og ber mönnum saman um, að munurinn sé eigi minni en hér segir. Ennfremur er til umsögn um þetta sama atriði frá fyrrv. framkvæmdarstjóra ríkisverksmiðjanna, hr. Oscar Ottesen, sem nú er framkvæmdarstjóri hjá sildarverksmiðjunni á Djúpavík. Álit þetta birtist í Alþt. 1933, þskj. 134, og er svo hljóðandi:

„Kostir við vigtun á sild í stað mælingar.

Eftir beiðni skal ég hér með gefa óhlutdræga umsögn, út frá þeirri reynslu, sem ég hefi fengið, viðvikjandi mælingu eða vigtun sildar.

Mitt álit um málið byggir ég á reynslu sem sjómaður með norsku fiskiskipi árin 1910—1911, vinnu við norskar söltunarstöðvar fyrir stórsild, vorsild og feitsild frá 1914 til 1926, söltun á sild í tvö sumur á Siglufirði og móttöku á sild hjá Dr. Paul's sildarverksmiðju á Siglufirði árin 1927—1928 og 1929, ennfremur 1930—1931 við Sildarverksmiðju ríkisins. Ég skal strax taka það fram, að mæling á sild hefir æfinlega gefið og mun framvegis gefa tilefni til meiri eða minni ágreinings milli kaupanda og seljanda.

Ég hefi einu sinni, sem sjómaður í Noregi fyrir 20 árum síðan, fengið afhenta sildarstampa frá kaupandanum, sem áttu að vera ca. 58 ltr., en við mælingu reyndust að taka ca. 75 ltr. Slíkt setur illt blóð meðal sjómanna og leiðir af sér, meir en góðu hófi gegnir, hatur og ósamlyndi milli sjómanna og kaupanda, eða þess, sem afhendir vöruna, og móttakanda. Sildarkassarnir fyrir ísvarða sild voru sömuleiðis oft óhæfilega stórir, og orsakaði þetta tortryggni hjá sjómönnum, sem bitnaði á þeim móttakendum og kaupendum á sild, sem raunverulega höfðu rétta mælieining. Útkoman var, að þeir kaupendur, sem höfðu of stóra sildarstampa, fengu of mikla sild, og þeir, sem höfðu rétta stærð af stömpum, fengu of litla sild fyrir peninga sína. Nú á afhending á sild í Noregi að fara fram í löggiltum hektólitramálum bæði við sildarbræðslurnar og söltunarstöðvarnar. Öll önnur mál eru ólögleg. En ekki einu sinni kektólitramálið er það „ideelle“ við afhendingu sildar. Sjómönnum finnst, að þeir fylli vel hektólitramálin, og móttakandanum finnst aftur á móti, að þau séu illa fyllt, og svo ris ágreiningurinn aftur.

Um reynslu mína á Íslandi hefi ég að segja:

Fyrsta rekstrarár, 1926, hafði Dr. Paul ekki sildarvigtir við verksmiðju sína, en þá þegar sá hann, að vigtir voru ákjósanlegri og strax 1927 voru keyptar 3 vigtir. Öllum kom ábyggilega saman um, að það var til stórra umbóta. Kaupandinn var viss um, að hann fékk þá sild, sem hann keypti, og sjómennirnir fengu greiðslu fyrir þá sild, sem þeir afhentu.

Af þeirri reynd um yfirburði við vigtun á sild, sem ég hafði, gat ég ekki nema verið ánægður, þegar ég vissi, að Sildarverksmiðja ríkisins ætti að hafa sildarvigtir, og eru 3 vigtir uppsettar þar. Á hverri þessari vigt er hægt að vigta sild frá 2 til 3 skipum samtímis, svo fljótt sem þau geta losað. Þar sem hvert skip getur losað 100 mál á klst., getur maður sem sagt vigtað allt að 300 málum á hverri vigt á klst. Það venjulega er þó, að aðeins 2 skip afhendi við hverja vigt, og þá er maður

viss um, að afgreiðsla skipsins tefst ekki vegna vigtunar. Það er heldur ekki aukinn kostnaður við að vigta sildina, þar sem vigtarmaðurinn við hverja vigt kemur í stað skrifara við talningu mála, þegar sild er mæld, og 1 skrifari getur tæplega skrifað (talið) af fleirum en 2 skipum samtímis.

Að endingu vil ég benda á fylgjandi, sem styður mál mitt um kosti við vigtun á sild við sildarbræðslur:

Í stórum sildarförmum er sildin samanpressuð vegna þrýstings og 150 ltr. af þeirri sild vigta ca. 150 kg. eða meira. Úr smáförmum af alveg nýrri sild fer aftur á móti aðeins ca. 135–140 kg. sildar í eitt mál á 150 ltr. Ef sildin afhendist eftir máli, fær þess vegna sá bátur, sem hefir litla veiði, ca. 8% meira verð fyrir sína sild en hinn, sem hefir stóra veiði. Móttakandinn tapar samsvarandi 8% á litlu veiðinni, þar sem útkoman á olíu og mjöli, talin í kílógr., fer eingöngu eftir þeirri afhentu vigt. Þegar sildin afhendist eftir vigt, kemst maður þess vegna einnig hjá þessum órétti. Allir fá fyrir sildina sama verð, hvort heldur veiðin er stór eða smá.

Að síðustu vil ég segja, að af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið um kostina við vigtun sildar, þá get ég ekki hugsað mér að breyta um aftur til gamla mátans: Mælingar á sild, með öllum þeim óþægindum, sem venjulega fylgja þar með.

Siglufirði, 7. apríl 1932.

Oscar Ottesen.“